

# Matsfólk

## Um nálægð og klemmur

Kristín Dýrfjörð  
Háskólanum á Akureyri

Greinin fjallar um matsaðila, hver eru helstu áhyggjuefni og hvað ber að varast, siðferðisleg umhugsunarefnum sem matsfólk verður að takast á við eru gerð nokkur skil. Fjallað er um framtíð matsfræða og stöðu þeirra sem sérstakrar fræðigreinar.

Leikskólinn hefur fengið bréf, menntamálaráðuneytið ætlar að láta fara fram úttekt á starfi hans. Á næstu vikum mun aðili sem ráðuneytið hefur ráðið til verksins hafa samband. Skólinn er beðin um að taka vel á móti viðkomandi og vera honum innan handar.

Að sjálfsögðu er starfsfólk leikskólans, börnin þar og foreldrar þeirra stærstu hagsmunaaðilar matsins. En sá sem metur hlýtur líka á sinn hátt að vera hagsmunaaðili að matinu. Hagsmunir hans felast meðal annars í því að tryggja sér daglegt aðgengi að þeim sem meta á, njóta trausts og vera virtur. Hver matsaðili er og tengsl hans við það sem meta skal skiptir máli og er talið geta haft áhrif á aðgengi og upplýsingar. Þannig getur matsaðili sem kemur með skipunarbréf að ofan til dæmis frá hinu opinbera lent í því að þeir sem hann á að meta tortryggja hann og þær niðurstöður sem hann kann að senda frá sér. Ef matsaðili er mjög tengdur ákveðnum hóp hagsmunaaðila geta líka vaknað spurningar um hæfni hans og trúverðuleika. Oft geta verið margar holur á veginum sem matsaðili þarf að sneiða hjá. Ef til dæmis á að framkvæma mat á leikskóla leita spurningar eins og hver eigi að framkvæma það - sérfræðingar í mati eða leikskólakennarar - á hugann. Ef það eru leikskólakennarar er spurning hvort því fylgja sérstök vandamál,

til dæmis vanþekking á matsfræðum, sem þá getur dregið úr trúverðuleika matsins. Hins vegar má líka velta fyrir sér hvort sérfræðingur í mati en ekki í leikskólanum fái þann aðgang og njóti þess trausts sem hann þarf að hafa og ríkja verður á milli matsaðila og þeirra sem eru metnir. Er hægt að treysta fólki sem ekki tilheyrir hópnum sem meta á, sem hefur ekki sömu menntun, sama bakgrunn og sem þekkir ekki menningu og sögu leikskólans? Getur slíkt fólk nokkurn tíma metið leikskóla þannig að „við“, sem tilheyrum hópnum, tökum fullt mark á? Ef matið er jákvætt er það þá vegna þess að hann/hún kom ekki auga á annmarkana? Ef matið er neikvætt er það þá vegna þess að hún/hann skilur ekki starfið? Og hvað með afstöðu þeirra sem eiga sannanlegra hagsmuna að gæta, eins og foreldra og sveitarstjórna? Hverjum treysta slíkir aðilar best til að gera mat? Hin hliðin er auðvitað hvort við, sem erum „innvið“, sjáum það sem skiptir máli. Hvort við séum svo bundin eigin starfsbundnu viðhorfum að við séum jafnvel orðin þeim „samdauna“. Eða er til stéttarleg samtrygging okkar á milli sem kemur í veg fyrir að við segjum allt? Þorum við að segja það sem segja þarf af ótta við til dæmis stéttarlega útskúfun? Í þessari grein verður ekki sérstaklega leitast við að svara því hver er best fallinn til að meta leikskóla heldur er hér almennt reifað

vandamál og viðfangsefni sem snerta alla þá sem taka sér fyrir hendur að framkvæma ytra mat á stofnunum.<sup>1</sup> Á síðari árum hefur vitund um mikilvægi þverfaglegra vinnubragða aukist. Í þessari grein er tölvuvert fjallað um rannsóknir og rannsakendur og þá yfirleitt með tilvísun til þess að sama eigi yfirleitt við um mat og matsaðila. Hér á eftir verður nánar fjallað um skilgreiningar á mismununum á mati og rannsóknnum.

## Matsaðili

Matsaðili er sá sem framkvæmir mat, heldur utan um gögn og skilar niðurstöðu í einhverskonar skýrsluformi. Til að framkvæma mat verður matsaðili því skilyrðislaust að vera í tengslum við þá sem metnir eru. Þetta hlutverk er oft vandasamt. Í aðferðafræði er stundum rætt um „að vera á bandstrikinu“ vera á mörkum tveggja heima, það er heimsins sem verið er að rannsaka og heimsins sem rannsakandi tilheyrir (við og hinir). Rannsakandi er sjaldan hluti af hópnum sem hann er að framkvæma rannsókn í. Samskonar vangaveltur eiga rétt á sér í tengslum við mat. Hvenær er matsaðilinn á bandstrikinu? Stundum er það þannig að matsaðili, sem er tengdur einhverjum hagsmunahópnum sterkum böndum, nýtur ekki fulls trausts annarra hagsmunahópa (sjá til dæmis deilu um úttekt á starfi Iðnskólans í Reykjavík 1998 á heimasíðu Menntamálaráðuneytisins<sup>2</sup>). Hlutverk rannsakanda á vettvangi hefur verið til umfjöllunar og má að hluta yfirfæra þá umræðu á matsaðila. Samkvæmt Kristiansen og Kogstrup (1999) hefur umræðan aðallega snúist um gagnkvæm áhrif rannsakandans og þess sem hann er að rannsaka. Hvernig birtist til dæmis rannsakandinn sjálfur í efni þar sem hann kemur við sögu, í hvernig ljósi sýnir hann sjálfan sig? Þetta eru vangaveltur sem tengjast áreiðanleika, sem og siðfræði mats og

matsaðila. Weiss (1998) bendir á mikilvægi þess gera sér grein fyrir sjálfstæði matsaðili og því að ekki sé unnt að svipta hann sjálffræði. Á endanum verði hann ætíð að vera trúr sjálfum sér og eigin gögnum líka þegar niðurstöður eru óþægilegar. Wolcott (1990) telur að rannsakandi verði að vera í ákveðnu hlutverki á vettvangi. Hann bendir á gildi þess að rannsakandi taki þátt í félagslegum samskiptum, og gefi á þann hátt fólki færi á að nálgast hann, en bendir jafnframt á mikilvægi þess að kunna að þegja og hlusta samt á þann hátt að viðkomandi finnst hann njóta athygli. Hann telur að rannsakandi verði að iðka ákveðna jafnvægislist milli þess að gefa of mikið af sér eða of lítið. Segir hann rannsakendur oft verða eigin verstu óvini þegar þeir verði aðalþátttakendur rannsókna sinna. Sérstaklega varar hann við þessu þegar fólk er að rannsaka svið sem það telur sig þekkja vel eins og oft er um skólafólk. Það telur sig vita hversvegna og hvað er að gerast í skólaflokknum og á þá til að draga fljótfærnislegar ályktanir. Wolcott segir að ef hann hafi sterkar tilfinningar gangvart því sem hann er að rannsaka hafi hann tamið sér að afhjúpa þær fyrir lesandanum. Ljóst má vera að samband matsaðila og þess sem hann er að meta er aldrei einfalt. Að gera sér grein fyrir eigin tilfinningum og þeim áhrifum sem aðrir hafa á þær ásamt virðingu, viðurkenningu og högværd gagnvart viðfangsefninu eru grundvallaratriði til þess að vel geti tekist til.

## Við og hinir

Í rannsóknnum er sem fyrr segir rætt um að vera á milli tveggja heima, þess sem ég tilheyrir og þess sem ég er að rannsaka, okkar og hinna. Sama flokkun á við í mati. Vandamál matsaðila getur verið að hann tilheyrir jafnvel báðum hópum (sjá til dæmis í LeComte og Preissle, 1993). Sjálf er ég dæmi um

<sup>1</sup> Í þessari grein verður hugtakið stofnun notað sem yfirheiti yfir stofnanir, stefnur og verkefni, ekki verður sérstaklega greint á milli við hvað er átt hverju sinni.

<sup>2</sup> Miklar deilur risu innan skólans um traust til matsaðila og í kjölfarið trúverðugleika matsins. Þeir sem efuðust um vinnubrögð matsaðila töldu að ekki væri farið af sanngirni með þeirra hlut og í framhaldi af því væri matið ekki trúverðugt. Töldu þeir til dæmis að matsaðilar hefðu haft meira samráð en eðlilegt getur talist við ákveðinn hóp innan skólans (Sigrún Jóhannesdóttir, 1999).

slíkt. Ég tilheyrri hópnun „matsaðili“ þegar ég hef verið að vinna að mati, en ég er jafnframt leikskólakennari. Ég hef þar að auki starfað mikið að bæði fag- og kjaramálum fyrir Félag leikskólakennara, starfað fyrir menntamálaráðuneytið að leikskólamálum og er lektor í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri. Þessi staða hefur auðvitað áhrif á það hvernig mér er tekið í leikskólanum og hvernig tekið er í þær niðurstöður sem ég set frá mér. Ýmsir rannsakendur hafa fengist við vandamál sem tengjast því að vera á mörkum tveggja heima. Þar hafa spurningar sem lúta að siðferði og tengsl um rannsakanda við þá sem hann er að rannsaka verið fyrirferðamiklar. Má til dæmis benda á grein Wolcott (1990) þar sem hann greinir frá eigin rannsókn á utangarðsungmenni sem seinna varð jafnframt ástmaður hans. Hann segir frá hvernig þessi tengsl veittu honum aðgegni og aukinn skilning en líka hvernig þau á endanum sköðuðu báða.

## Að þekkinga verklag – sannfærandi mat

Greinarmunur er almennt gerður á rannsóknum annarsvegar og mati hinsvegar sem vert er að glöggva sig aðeins á. Mat er um margt nátengt hagnýtum rannsóknum. Bæði byggir á að afla upplýsinga á kerfisbundin hátt. Það sem skilur helst að er að við mat er áherslan á hagnýtt gildi þeirra upplýsinga sem safnað er frekar en á tengingu við ákveðin fræði (Hall og Hall, 2004). Mat byggir á því að fella ígrundaða dóma byggða á upplýsingum. Rannsókn hinsvegar er ætlað að afla sértækra upplýsinga sem hafa það að markmiði að bæta við þá þekkingu sem fyrir er (Worthen og Sanders, 1997). Green (2003) bendir á að mat sé nátengt völdum og pólitík, því að taka ákvarðanir um á hvað beri að leggja áherslu, hvert skuli stefna. Því sé ljóst að mat getur aldrei verið óháð umhverfi sínu. Í ljósi sterkra tengsla rannsókna og mats má telja nauðsynlegt fyrir matsaðila að búa yfir góðri þekkingu á aðferðafræði, sérstaklega með það í huga að niðurstöður verði teknar trúanlegar. Þó gerður sé ákveðinn greinarmunur

á rannsóknum og mati telur Bickman að ekki megi gleyma því að í hverju góðu matsverkefni felist líka möguleikar til rannsókna og til þess að hafa áhrif á stefnumótun. Í raun sé það soun á rannsóknartækifærum að nýta ekki mat til rannsókna (í Fitzpatrick, 2002).

Tilgangur mats er margvíslegur og raunar fer tilgangurinn oft eftir því fyrir hvern matið er gert. Fyrir matsaðila er nauðsynlegt að bera strax kennsl á tilganginn, bæði vegna þess að það hefur áhrif á matsleiðir og þá aðferðafræði sem notuð verður en líka og ekki síst vegna þeirra siðferðislegu spurninga sem hver matsaðili verður að svara með sjálfum sér. Samkvæmt Mark, Henri og Julines (2000) teljast eftirfarandi þættir algengir við ákvörðun um tilgang mats almennt:

- Mat á gildi: Hvert er gildi og lögmæti viðkomandi stofnunar/stefnu, á einstaklings- og/eða stofnanaplani?
- Umbótamiðað: Sú fyrirætlun að nota upplýsingar sem fást við mat til þess að breyta eða bæta stofnun/stefnu.
- Yfirsýn og fylgni við lög og reglur: Mat á því að hve miklu leyti stofnun/stefna fylgir þeim ytri ramma sem samfélagið hefur sett.
- Þekkingarþróun: Að finna eða prófa almennar kenningar eða tilgátur sem tengjast stefnu/stofnun.

Á það er bent að þegar verið er að meta skólastarf eða aðrar mannlegar stofnanir er í leiðinni alltaf verið að meta manneskjur og þeirra gerðir.

Til að mat geti talist trúverðugt verður það að byggjast á fjölbreyttum gögnum og að mismunandi aðferðum hafi verið beitt við öflun þeirra (Bogdan og Biklen, 1992). Sem dæmi má nefna að við mat á starfsemi deildar í leikskóla sé fylgst með og gerð vettvangsathugun, viðtal tekið við börn, starfsfólk og foreldra og spurningalistar lagðir fyrir. Aðferðafræðin ætti þannig að tryggja að gögnum sé safnað frá öllum hagsmunaaðilum, gögnunum sé safnað á mismunandi máta og

þannig tryggt að allir hafi haft tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að.

Til að mat geti talist sannfærandi verður matsaðili að búa yfir nokkurri þekkingu á viðfangsefninu. Það má vera að í upphafi búi hann aðallega yfir þekkingu á matsaðferðum, en að mati loknu ætti hann jafnframt að búa yfir þekkingu á viðfangsefni sínu (Worthen og Sanders, 1987). Þetta krefst þess að matsaðili kynni sér hugmyndafræðilega undirstöðu þess sem á að meta. Sem dæmi má taka leikskóladeild. Ef matsaðila er ætlað að meta hver gæði deildarinnar eru þyrfti hann að kynna sér þá hugmyndafræði sem leikskólinn byggir á. Því væri auðvitað ákjósanlegra að hann þekkti til hugmyndafræði og starfshátta leikskólans þegar í upphafi, þó það sé ekki skilyrði fyrir mati. Er þetta viðhorf í samræmi við þá framtíðarsýn sem ýmsir hafa fyrir matsfræðina (sjá Donaldson, 2001; Fetterman, 2001; Henry, 2001). En einnig er ljóst að þessi þekking getur haft áhrif á trúverðugleika matsniðurstöðu og þess hversu fólk er tilbúið að breyta í samræmi við hana. Metandi þarf að auðsýna á sannfærandi hátt af hverju hann á að vera tekinn trúanlegur og að matið hafi hagnýtt gildi og á það við hvort sem metandi er sérfræðingur í mati eða sérfræðingur í leikskólanum.

## Hliðverðir

Hliðverðir hafa það hlutverk að gæta þess hver fær aðgengi að ákveðnum hópum eða stofnunum. Börn eru flokkuð í hóp sem nefna mætti varnarlaus hópur og er að gegni að slíkum hópum jafnan flóknara en að öðrum. Í umhverfi barna er að jafnaði formlegur aðili sem hefur valdið á hverjum tíma. Því þarf að tryggja samstarf við þessa aðila ef börn eru þátttakendur í mati. Formlegur opinber hliðvörður í tengslum við rannsóknir og mat er Persónuvernd ríkisins. Hlutverk hennar er lögum samkvæmt meðal annars að hafa eftirlit og gefa umsögn um kerfisbundna söfnun persónugreinanlegra upplýsinga í tölvutæku formi (lög nr. 77/2000). Hliðverðir eru auðvitað fleiri og fer eftir eðli stofnana

og rannsókna hver það er. Í tengslum við rannsóknir í leikskólanum eru það meðal annars viðkomandi stjórnsýslunefndir á vegum sveitarfélaga og rekstraraðilar. Við utanaðkomandi mat er venjulega búið að ganga frá aðgengi og það ætti því ekki að vera vandamál. Sem dæmi má nefna að það er lagaleg skylda menntamálaráðuneytisins að láta fara fram mat á leikskólum (lög nr. 78/1994). En þó að matsaðili hafi formlegan aðgang er ekki þar með sagt að allar dyr séu honum opnar á vettvangi. Hann þarf jafnvel að semja um aðgengi daglega og hann þarf að ávinna sér traust þeirra sem taka þátt í matinu. Að öðrum kosti er hætt við að þær upplýsingar sem hann aflar séu takmarkaðar (LeComte og Preissle, 1993). Hall og Hall (2004) greina frá því að mismunur geti verið á milli þess sem nefna mætti formlegt vald innan stofnanna og hins raunverulega valds. Vegna þessa sé til dæmis ekki hægt að ganga út frá því sem vísu, að þrátt fyrir að matsaðili sé búin að tryggja sér hjálp æðstu hliðvarða, að það eitt og sér dugi þegar til komi.

## Togstreita rannsókna

### – áhrif á mat

Baráttan milli þess meginlegra og eigindlega hefur stundum verið nefnd togstreita rannsókna. Guba og Lincoln (1998) eru á meðal þeirra sem hafa gert tilraun til að skilgreina í hverju þessi togstreita liggur. Þau telja raunhyggjufólk félagsvísindanna hafa tekið viðfangsefni og niðurstöður rannsókna út úr sínu félagslega samhengi. Það er að samkvæmt meginlegum fræðum sé nauðsynlegt að setja fram tilgátur sem síðan beri að staðfesta eða afsanna í ljósi ákveðinna kenninga. Þau hafna þessu þrönga sjónarhorni og telja að kenningar og staðreyndir séu algjörlega sjálfstæðar, óháðar einingar. Á sama hátt hafna þau því að breytur í félagsvísindum séu eða geti verið gildisfrjár því á bak við samsetningu og val á breytum liggi mannlegar ákvarðanir og gildismat. Samkvæmt þessu er hægt að draga þá ályktun að við grandskoðun komi í ljós að meginlegar og

eigindlegar rannsóknir eigi meira sameignlegt en áður hefur verið talið og séu til sem mannleg hugsmíð í ákveðnu samhengi. Þar sem mat og rannsóknir eru í raun á sama ásnúmi skiptir máli að fylgjast með og hugsa um þessa innri togstreitu rannsóknarvísindanna.

Mark og félagar (2000) taka ekki afstöðu til þess sem þeir kalla viðmiðastríð (*paradigm wars*). Þetta stríð er ekki sértækt fyrir mat, heldur á almennt við um rannsóknir í félagsvísindum (sjá Flyvbjerg, 2001). Til skamms tíma voru meginleg viðhorf allsráðandi og engin rannsókn „marktæk” sem ekki gat sýnt fram á tölfræðilega marktækni og áreiðanleika (sjá til dæmis Denzin og Lincoln, 1998; 2003; Lévi-Strauss, 1978/2002). Eftir að eigindlegar rannsóknir fóru að ryðja sér til rúms var umræða uppi um að vera annað hvort meginlegur eða eigindlegur. Samkvæmt því er það mesta fásinna að ætla sér að vera hvort tveggja. Mark og félagar (2000) velja að skilgreina mat sem þverfaglegt eða þvergreinalegt athæfi. Togstreituna telja þeir vera tilkomna af því að fólk lítur á sig sem annað hvort meginlega eða eigindlega rannsakendur og getur því ekki metið gildi mats eða rannsókna nema það falli undir þann flokk sem það hefur sjálft skilgreint sig í. Þetta er sérstakt vandamál hvað varðar mat þar sem matsfólk getur ekki leyft sér slíka „kerskni” ef vísað er til Worthen og Sanders (1987). Fetterman (2001) telur að matsfólk framtíðarinnar þurfi að búa yfir góðri þekkingu á aðferðafræði, bæði meginlegri og eigindlegri. Ef til vill má segja að vald matsfólks komi til með að liggja í góðri þekkingu á aðferðafræði sem og þekkingu á kenningum um stofnanapróun.

Margir telja að þessa togstreitu sem finna má bæði í mati og öðrum rannsóknum megi rekja til lífssýnar og mannskilnings viðkomandi einstaklings. Lífssýn stjórnir því hvar við veljum okkur stað (sjá til dæmis Gunnestad, 1993). Samkvæmt þessari fullyrðingu, sem bæði Mark og félagar (2000) og Rogers (1961/1996) vitna til, eigum við erfitt með að viðurkenna þekkingu sem ekki fellur að eigin gildum. Við trúum því sem fellur að eigin

kerfi eða gildismati. Mark og félagar líta á meginlega og eigindlega aðferð sem sitthvora aðferðina, en sem geti bætt hvora aðra upp. Báðar hafa kosti og galla sem matsaðili verður að horfa á. Til að komast framhjá vandamáli togstreitunnar þá hafa þeir valið það sem kalla má hagnýtt brjóstvit. Byggir það á því að ekki þarf alltaf að vera rökleg formleg skýring á bak við gerðir og atburði. Jafnframt er lögð áhersla á hagnýtingu og þann lærdóm sem hægt er að draga af því sem gert hefur verið. Hagnýta brjóstvitið sem þeir félagar leggja til að matsfólk tileinki sér má telja náskykt siðviti Aristótelesar. Umræðan um siðvitið (*phronesis*) sem næmi fyrir einstökum kringumstæðum mannlífsins hefur verið að aukast og má nefna þar nefna Eisner, 2003; Flyvbjerg, 2001; Field og Macintyre Latta, 2001 sem telja það vera vanreifada í fræðilegri umræðu.

## Áhyggjuefni matsaðila

Eitt helsta áhyggjuefni matsaðila er hvort matið, sem þeir hafa verið að framkvæma, sé örugglega nýtt til að bæta starfsemi eða stefnur eða hvort matsskýrslum sé stungið upp í hillu og látnar rykfalla þar. Weiss (1998a) telur að hægt sé að skipta matsniðurstöðum og nýtingu þeirra í fjóra flokka.

*Nýtanlegar niðurstöður.* Til að stofnanir nýti niðurstöður mats verður það að fullnægja nokkrum skilyrðum, þau eru meðal annars að:

- þær séu ekki of ögrandi eða að þær skapi togstreitu innan stofnunar,
- þær krefjist minni háttar breyting,
- umhverfi og stjórnun stofnunar þarf að vera frekar stöðug.

Ef þessi atriði eru í lagi ein og sér eða saman er líklegt að niðurstöður séu nýttar.

*Hugmyndafræðileg notkun.* Niðurstöður geta breytt eigin afstöðu þeirra sem stjórna til stofnunar og fært þeim nýja vitneskju og jafnvel hugmyndir. Hafi hagsmunaaðilar jafnframt verið þátttakendur í matsferlinu má ætla að þeir hafi öðlast ákveðna þekkingu á bæði

veikleika og styrk stofnunarinnar sem kemur að notum við stjórn og skipulag hennar.

*Mat sem virkjar.* Felst í að fá fólk innan stofnana til að íhuga breytingar á starfinu sem það hefur jafnvel hugleitt að einhverju marki áður. Sem dæmi nefnir Weiss að iðulega hafi stjórnendur hugmynd um hvað er að innan stofnunar en þeir telji sig get nýtt matsniðurstöður til að færa „lögmæt“ rök fyrir breytingum og afla þeim fylgis. Matið verður þá tæki til að sannfæra. Ef sá tilgangur er ljós frá upphafi af hálfu þeirra sem biðja um mat má velta fyrir sér hversu síðlegt það er. Við þannig aðstæður er matið nýtt sem valda- og stjórnunartæki og tilgangur þess líklega falinn flestum hagsmunaaðilum. Sem dæmi úr íslenskum aðstæðum má benda á mat á stofnunum sem hefur verið kvartað undan. Matsniðurstöður eru þá jafnvel nýttar til að skipta um kallinn í brúnni og í yftrústu tilfellum leggja stofnanir niður. Dæmi um hið fyrra er að finna í tengslum við mat hjá Leikskólum Reykjavíkur, en þar hefur það ítrekað gerst í kjölfar úttektar að skipt hefur verið um stjórnanda. Opinberlega og óopinberlega má vera að gefnar séu aðrar ástæður, en þegar sama ferlið hefur endurtekið sig í nokkur skipti má sjá ákveðið munstur sem hægt er að draga ályktanir af.

Að lokum bætir Weiss við fjórða flokknum sem tekur þá til þess sem kalla mætti notkun annarra. Með fjölda marskýrsla um ákveðið málefni verður til þekking sem í gegn um metagreiningu kemur að notum við til dæmis skipulag nýrra stofnanna eða sem hjálp við ákvarðanatöku á ákveðnum sviðum.

Aðrir matsfræðingar eins og til dæmis Patton (1997) hafa velt fyrir sér hvernig hægt sé að tryggja að matið sé nýtt. Hann notar önnur fræði sem dæmi um hvernig fólk notar ekki þær upplýsingar sem það þó hefur (til dæmis um reykingar og getnaðarvarnir). Hann telur vandamálið ekki felast í því að upplýsingar séu ekki til staðar heldur hvernig eigi að fá fólk til að nota þær. Þetta vandamál hafi verið viðvarandi innan matsfræðanna og á endanum leitt til niðurskurðar á fjármunum til matsverkefna í Bandaríkjunum. Ein þeirra aðferða, sem nefnd

er til að auka líkur á nýtingu matsniðurstæða, byggist á því að tryggja aðkomu hagsmunaaðila snemma á matsferlinu þannig að þeir hafi tækifæri til að hafa áhrif á þau gildi sem lagt er upp með og jafnvel það sem er til skoðunar (sjá Torres og Preskill, 2001; Amba, 2000; Weiss, 1998a). Í Bandaríkjunum er skylda að meta stofnanir sem fá fjármuni úr alríkisjóðum. Yfirleitt eru það alríkisstofnanir sem sjá um að bjóða út matið. Samkvæmt House (1997) eru það fjögur fyrirtæki, öll staðsett í Washington DC, sem fá megnið af öllum matsverkefnum. Matsfræðingar hafa velt fyrir sér hvort færsla matsins nær stofnunum sjálfum sé leið til að tryggja að útkoma þess sé nýtt til að bæta starfið (St.Pierre, Bernstein og Swartz, 2001). Aðrir matsfræðingar, svo sem Scriven (1994), leggja áherslu á frelsi metandans. Það sé síðan þeirra sem hagsmuna eiga að gæta að velja eftir á hversu mikið þeir taka mark á eða vilja nýta matið. Mark, og félagar (2000) telja bæði þessi sjónarmið eiga rétt á sér. Þeir hafna því að viðmið í mati þurfi að byggja á því að hversu miklum notum það komi og hafna líka því sjónarmiði að eina ábyrgð matsaðila sé að leggja mat á gildi og verðleika.

Annað vandamál sem sérfræðingar (House, 1997) telja að steðji að mati í Bandaríkjunum er að flest stór matsverkefni eru þar boðin út á vegum fáeinna opinberra stofnana. Það eru jafnframt örfáar matsstofnanir eða fyrirtæki sem meira og minna fá eða framkvæma flest matsverkefni. Þeir sem stýra matsstofnunum þekkja orðið þá sem stýra útboðunum, vita hvað þeir vilja og hvað þeir telja æskilegt eða óæskilegt í til dæmis aðferðafræði eða skýrsluskrifum. House færir fyrir því rök að vegna þessa skapist ástand fákeppni og einokunar með þeim göllum sem slíkt fyrirkomulag færir. Telur hann þetta hafa leitt til þess að matskýrslurnar/matáætlanir eru meira og minna klæðskerasniðnar að þörfum og hugmyndum þeirra sem ráða fjármagninu frekar en þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í þeim stofnunum sem metnar eru hverju sinni. Telja verður að hætta á slíku sé jafnvel meiri í litlum samfélögum eins

og hér. Markaðurinn er lítill og því hættu á að til verði fyrirtæki, sem geri út á opinber matsverkefni, sem sníða skýrslurnar þannig að þær falli í frjóan jarðveg fjármálaaflanna. Annað vandamál sem House telur afleiðingu þessarar stefnu er að í hverri stofnun vill fólk fá mjög sérhæfðar upplýsingar sem aftur leiðir til þess að misskilningur verður algengur. Fáir þeirra sem framkvæma eða kaupa matið búa yfir heildrænni mynd af stofnunum. Sífellt er verið að brjóta upplýsingar um tiltekin atriði niður í smærri eindir. Upplýsingar um heildina eru til staðar en komast sjaldan alla leið og ef horft er til Senge (2000) má telja þetta gjald sérhæfingarinnar. House bendir líka á að opinberir aðilar sem kaupa mat eru venjulegast í mjög litlum samskiptum við þær stofnanir sem eru metnar. Því hafi matsbeiðandi oft ekki aðra mynd af viðkomandi stofnun en þá sem er á pappírnum og það viti allir, sem vilja, að það er töluvert önnur mynd en af lifandi stofnun. Hann telur þetta skapa ákveðna fjarlægð milli þeirra sem metnir eru og matsbeiðenda sem ekki er holl, jafnvel skaðleg. Hann varar líka við þeirri hættu, sem hann segir raunverulega, að matsfólk eigi það til að samsama sig þeim sem þeir eru að meta og gefa þá af jákvæða mynd af starfseminni. Þarna bendir House aftur á atriði sem erfitt getur verið að komast hjá í litlum samfélögum. House tekur dæmi frá ríkisstofnunum í Bretlandi sem breyttu niðurstöðum mats af því að þeim líkaði ekki niðurstaðan. Hann hefur áhyggjur af slíkum vinnubrögðum og spyr hvort slíkt dragi ekki úr trú almennings á mati. Dæmi um slíka tilhneigingu er til héraðs og má þar benda á frumskýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa um flugslysið í Skerjafirði árið 2000 (sjá helstu niðurstöður úr frumskýrslu í grein í Morgunblaðinu, laugardaginn 7. apríl, 2001) og síðan lokaskýrsluna (sjá skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa á heimasíðu

www.rnf.is) sem var umtalsvert frábrugðin, meðal annars vegna áhrifa hagsmunaaðila.<sup>3</sup> Frá sjónarhorni matsfræða er það mikla ósamræmi sem fram kemur afar áhugavert. Má velta fyrir sér hvort til dæmis smæð samfélagsins og nán vana- og ættarbönd hafi ráðið einhverju um þær breytingar sem gerðar voru.

Ljóst má vera að matsfræðingar geta ekki leyft sér þau vinnubrögð að telja að viðskiptavinurinn hafi ávallt rétt fyrir sér. Í viðtali við Bickman (Fitzpatrick, 2002) segir hann frá því hvernig reynt var að hafa áhrif á matsverkefni, sem hann vann fyrir bandaríska herinn, með því að veifasérfræðiálit. Til dæmis reyndu yfirmenn hersins að setja hömlur á fjölda þátttakenda í matinu. Herinn keypti „sérfræðing“ sem gaf það álit að Bickman og félagar væru þegar komnir með nægjanlegan fjölda þátttakenda. Seinna kom í ljós að viðkomandi sérfræðingur var með doktorsgráðu í verkfræði en ekki félagsvísindum. Umfangsmikil matsverkefni eru dýr og Bickman segir frá því hvernig reynt var með tilvísun í akademískt gildi að fá þá til að slá af matsverðinu. Herinn benti á að háskólinn græddi á verkefninu með því draga að sér betri doktorsnema. Eins og dæmin sýna er margt áhyggjuefnið sem matsfólk þarf að fást við.

## **Siðferðilegar vangaveltur**

Siðferðilegar spurningar eru edlilegur þáttur í öllum rannsóknum. Sem fyrr segir eru skilin á milli rannsókna og mats oft óljós. Telja má að siðferðilegar vangaveltur og afstaða séu ef eitthvað enn mikilvægari þegar rætt er um mat en rannsóknir. Weiss (1998b) bendir til dæmis á að í mati séu þátttakendur raunverulegt fólk og niðurstaða matsins geti haft beinar afdrifaríkar afleiðingar fyrir líf þess og kjör. Auðvitað er fólk iðulega þátttakendur í rannsóknum en þátttakan hefur sjaldnast bein áhrif á líf

<sup>3</sup> Þeir sem vilja kynna sér málið nánar er bent á umfjöllun og samanburð á skýrslunum á heimasíðu sem haldið er úti af aðstandendum þeirra létust í flugslysinu í Skerjafirði: [www.flugslys.is](http://www.flugslys.is)

þeirra og kjör. Þar sem markmið rannsókna er yfirleitt fyrst og fremst að búa til nýja þekkingu um tiltekið viðfangsefni en markmið mats að fella dóma um ákveðna stofnun. Ábyrgð þeirra sem meta er mikil og því ætti það að vera sjálfsgöð krafa að siðferðilegar vangaveltur/afstaða séu ætíð snar þáttur í öllu matsferli. Áherslan á siðfræði mats speglast í að samtök matsfólks í Bandaríkjunum (American Evaluation Association, 2001) hafa gefið út siðareglur fyrir matsfólk, en siðareglur eru meðal annars taldar vera ein forsenda fagmennsku samkvæmt ýmsum kenningum (Modarresi, Newman og Abolafia, 2001). Ljóst má þó vera að ekki er nóg að hafa siðareglur þegar þær virðast ekki nýttar. House (1997) skoðaði fjölda matsskýrslna sem bandaríska menntamálaráðuneytið hefur látið gera og fann þar hvergi umræðu um siðareglur eða tengdar hugleiðingar matsaðila. Samtök matsfólk í Bandaríkjunum (American Evaluation Association, hefur einnig gefið út staðla (The joint committee on standards for educational evaluation, 1994) um hvernig matsfólk eigi að bera sig að við mat. Stöðlunum er skipt í fjögur meginsvið og tekur eitt þeirra til siðferðilegra þátta. Segir þar að markmið með siðferðisstöðlunum sé að mat sé framkvæmt löglega og siðlega og farið sé með nærgætni að þeim sem taka þátt í matinu og þeim sem niðurstöður taka til. Sérstaklega er fjallað um réttindi þátttakenda og það að matsaðilum beri að vernda þau. Tekið er fram að matsfólki beri að virða mannlega reisn og sóma þeirra sem taka þátt á þann veg að fólki finnst sér ekki ógnad eða það jafnvel beri skaða af þátttöku sinni. Segir þar að formlegir aðilar mats eigi að tryggja það að allir hagsmunaaðilar fái aðgang að fullkominni matsskýrslu og upplýsingum um takmarkanir matsins. Jafnframt ber að tryggja aðgegni allra þeirra sem eiga lögvarðar hagsmuna að gæta. Eins og fram hefur komið hér að framan geta matsaðilar oft verið í æði mikilli klemmu: klemmu á milli þess að gæta hagsmuna þátttakenda, þeirra sem kaupa matið og sinna eigin. Í eigin rannsókn (2003) á meðal matsaðila sem framkvæmdu opinberar

úttektir á leikskólum kemur fram að matsaðilar virðast vera í nokkurri klemmu með hvað eigi að fara í þær skýrslur sem þeir senda frá sér. Endurspeglast það í setningum eins og að skýrslan hefði verið beinskeyttari ef hún hefði bara farið til leikskólans. Velti ég fyrir mér hvort matsaðilar upplifi hræðslu við að vera álitnir óvinir og það stýri að einhverju leyti gerðum þeirra, það er hvort þarna hafi nálægðin við stéttina áhrif. En allir þeir aðilar sem ég ræddi við eru leikskólakennarar og tilheyra því hópnium. Eitt áhyggjuefna Soltis (1990) í grein sem hann skrifaði um siðferðilegar spurningar í mati byggðu á eigindlegum gögnum var að matsfólk teldi sig skuldbundið þeim sem keyptu matið og það gæti því haft áhrif á matsskýrslur. Soltis telur annað áhyggjuefni vera að hugsanlega þjónaði það eigin starfsferilsskrá að taka „meira“ tillit til kaupanda. Eins og fram kom í grein House (1997) getur þetta verið raunverulegt áhyggjuefni. Vegna smæðar íslensks samfélags og þeirra fagstétta sem þar eru má vera að líklegast þjóni það matsaðilum betur að hafa „stéttina“ góða en kaupendur sem í flestum tilfellum eru opinberar stofnanir. Fjöldi matsverkefna er enn ekki slíkur að hverfandi líkur eru til að sami aðili leggi mat fyrir sig sem aðalstarf. Þessu til stuðnings er bent á að hér að framan kom frekar fram hræðsla/öryggisleysi við fagstéttina sem verið var að meta og viðbrögð hennar en við þá sem keyptu matið.

Bickman (í Fitzpatrick 2002) greinir frá því að þegar hann var að vinna að mati fyrir bandaríska herinn (ekki hernaðarlegt) hafi verið farið fram á að herinn gæti ritskoðað fræðilegar greinar sem matshópurinn sendi frá sér. Þegar því var alfarið hafnað vildu þeir fá að senda inn umsagnir með mögulegum greinum sem var líka hafnað. Bickman segir líka frá því að einu sinni hafi hann verið að safna gögnum í matsverkefni þegar starfsmaður hersins rétti honum tölvudiskling og bað um afrit af gögnunum. Þarna er verið að fást við eitt mikilvægasta hagsmunamál matsfólks, eignarhald á þekkingu og gögnum. Umræðan um eignarhald á gögnum hlýtur að vera jafn



mikilvæg á Íslandi og í Bandaríkjunum. Sú spurning vaknar hvort matsfólk geti skrifað greinar og jafnvel erindi byggt á gögnum úr mati sem er til dæmis greitt af þriðja aðila, opinberri stofnun, félagsamtökum eða einkaaðila. Í tengslum við skólastarf er menntamálaráðuneytið umfangsmesti einstaki kaupandi á mati. Spyrja má hvort til dæmis menntamálaráðuneytið telji sig eiga gögnin eða hvort eignarhald og höfundarréttur matsfólks á eigin gögnum sé virtur.

## Þeir sem eru metnir

House (1997) bendir á mikilvægi þess að við mat sé þöglu hópunum gefin rödd. Með þöglu hópunum er átt við þá hagsmunaaðila sem matið beinist að en taka ekki beinan þátt í að ákvarða eða skipuleggja það. Amba (2000) telur að hagsmunaaðilar sjálfir skilgreini stofnanir mjög mismunandi, að skilgreiningar þeirra séu aðstæðubundnar og taki breytingum í tímans rás. Það sem stofnun/áætlun stendur fyrir hafi því mismunandi merkingu eftir því hver á í hlut og á sama hátt geti einstaklingar skilgreint sig tilheyrta mismunandi hagsmunahópum. Má því ætla að þögli hópurinn sé mismunandi eftir því hver skilgreinir hann. Amba telur að ef matsfólk ætli að virða þennan fjölbreytileika eigi spurningin ekki að snúast um hvort markmiðum stofnana hafi verið náð heldur hvernig hagsmunaaðilar upplifa og túlka markmiðin. Hver tilfinning þeirra sé gagnvart því sem á sér stað innan stofnunar. Til að þetta sé hægt bendir Amba á aðferð Guba og Lincoln (í Amba, 2000) sem er á þá leið að matsfólk leggi frá fyrstu stundu áherslu á að stuðla að félagslegum samskiptum hagsmunaaðila. Mat byggji á samningum og við samningagerðina sé matsfólk frá fyrstu stundu félagar. Í því felist það viðhorf að líta ekki á hagsmunaaðila sem upplýsingagjafa heldur sem virka þátttakendur. Þannig er tryggt að hlustað sé á rödd hagsmunaaðila, frá því að ákveða snið matsins til þess að túlka niðurstöður. Fetterman (2001) hefur þá framtíðarsýn að þekking á mati og matsaðferðum verði hluti af þjóðfélagslæsi lýðræðissamfélaga. Mat verði

samstarfsverkefni sem hafi það að markmiði að leiða til betra samfélags. Donaldson (2001) telur að framtíðarsýn Fettermans byggist á algengu viðhorfi meðal matsfræðinga, en bætir við að aðrir hafi oft mjög ólíka mynd af matsfólki. Það líti á matsfólk sem óvininn sem komi inn í stofnanir með mælitæki sín og felli dóma, sem ógni jafnvel tilveru og stöðugleika stofnana. Samkvæmt þeim Guba og Lincoln (í Amba, 2000) er ekki ólíklegt að hagsmunaaðilar hafni niðurstöðum mats ef þeim finnst þeir ekki hafa eignarhald í matinu. En aðalástæða þess að hafa þá með er þó sú að það eru þessir sömu aðilar sem eiga og geta nýtt niðurstöður matsins til að bæta stofnanir eftir á. Í rannsókn sem Thayer og Fine (2001) gerðu á áhrifum þess að hagsmunaaðilar kæmu að mati kom í ljós að því betur sem þeir voru tengdir mati þeim mun meiri líkur voru til þess að niðurstöður væru nýttar til að bæta starfsemi. Önnur niðurstaða þeirra Thayer og Fine er að almennt töldu þær stofnanir sem höfðu farið í gegnum mat niðurstöður þess vera notadrjúgar og trúanlegar. Donaldson (2001) varar við því sem hann kallar ósanngjarnar kröfur til mats. Hann telur að margir haldi að mat geti svarað öllum spurningum sem fram koma og að hagsmunaaðilar verði fyrir vonbrigðum þegar matið er ekki jafn glæsilegt og þeir vonuðust eftir. Afleiðingin er að þeir verða jafnvel bæði reiðir og sárir þegar neikvæð atriði eru tilgreind í skýrslu.

Amba telur að varnaðarorð þeirra Guba og Lincoln hafi orðið til þess að margir metendur hafi breytt vinnubrögðum sínum í lýðræðisátt og séu meðvitaðri um hlutverk hagsmunaaðila. Aðferðafræðilega sé afleiðing þessa hugsunarháttar að ekki sé hægt að fara með of stöðluð og fyrirfram gefin viðmið í mat. Viðmiðin verði að mótast að hluta á leiðinni. Aðferðin er ekki talin vera sú auðveldasta. Hún byggist til dæmis á því að fólk sé tilbúið að fella niður varnir sínar og tala opinskátt saman, að það sé tilbúið að deila valdi og veita vald. Markmiðið er ekki að fella dóma um hvernig hafi verið unnið heldur að leita leiða til að þróa og bæta það sem fyrir er. Guba og

Lincoln (í Amba 2000) benda á að aðferðin leiði mjög líklega til árekstra og togstreitu innan hópsins. Jafnframt bendir Lincoln á að nýta eigi togstreituna sem tækifæri, hún þurfi ekki endilega að vera neikvæð. Hún bjóði upp á samræðu um gildi sem annars kæmu jafnvel ekki til tals. Samræðan fái fólk til að hugsa á nýjum brautum og endurmeta fyrri þekkingu og hugmyndir (Lincoln í Amba, 2000).

## Matsfræði sem sjálfstæð fræðigrein

Með tímanum hafa matsfræðin unnið sér sess sem sjálfstæð fræðigrein sem byggir á þverfaglegu námi og starfi (Mark ofl., 2000). Umræða hefur átt sér stað innan raða matsfræðinga um tilvist og tilvistarrétt stéttarinnar, hvort þetta sé hliðargrein annarra greina eða sérgrein. Angi af þeirri umræðu er til dæmis rannsókn Modarresi, og félagar (2001). Þau fara yfir þá umræðu sem verið hefur meðal matsfólks og komast að því að hún hefur verið stefnulaus. Sumir, eins og Bickman (1997), telja lífsnauðsynlegt fyrir fræðigreinina að mat fái faglega sérstöðu. Aðrir telja matsfræði vera langt frá því að geta talist fag með skilgreiningu um fagmennsku á bak við sig (Rossi og Freeman í Modarresi og félögum, 2001). Í ljósi umræðu matsfólks um fagmennsku gerðu Modarresi og félagar (2001) rannsókn meðal starfandi matsfólks og háskólakennara sem koma að mati. Er hún um margt áhugaverð. Í ljós kom að báðir hóparnir hafa svipaðan menntunarlegan bakgrunn og reynslu. Flestir matsaðilar hafa matsstörf sem aukagetu með öðru, um 60% af tíma starfandi matsfólks fer í mat á meðan um 30% af tíma sérfræðinga í háskólum fer í mat. Modarresi og félagar varpa því fram að þarna sé ekki gerð grein fyrir þeim tímum sem háskólahópurinn notar til kennslu í mati. Báðir hóparnir segjast njóta faglegs sjálfræðis og telja að þeir geti meira og minna sinnt starfi sínu án utanaðkomandi þrýstings. Í rannsókn Modarresi og félaga taldi hvorugur hópur þátttakenda ástæðu til að hefta aðgang að faginu. Ekki þyrfti að hafa sérpróf

eða leyfi til að stunda mat. Þeir þátttakendur í rannsókninni sem hafa menntunarlegan bakgrunn í matsfræðum lýstu þó yfir ánægju með menntun sína. Þess ber að geta að þeir voru í miklum minnihluta. En almennt hefur matsfólk menntun í hinum ýmsu greinum félagsvísindanna og nýtir aðferðafræði sinnar greinar við mat.

Bickman (í Fitzpatrick, 2002) leggur til að matsfræðingar hasli sér völl þegar verið er að skipuleggja nýjar stofnanir og taki þátt í að setja upp hugmyndafræðilegan grunn stofnana. Fetterman (2001) telur að mat eigi að þróast í þá átt að hlutverk matsfólks breytist í að vera stuðningur við sjálfsmat stofnana. Litið verði á mat sem hluta af lausn en ekki sem viðbrögð við vandamáli. Matsaðilar verði því fengnir til að vinna með stofnunum við þróun. Þetta nýja hlutverk krefst reyndar ákveðinnar sérhæfingar, það er að matsaðilar verði almennt vel að sér í hinum ýmsu fræðum sem snúa að stofnanapróun.

## Hvert liggur leiðin?

Hvað býr í þokunni, hvert verður hlutskipti matsfræðinga í framtíðinni? Þeirri spurningu hafa ýmsir velt fyrir sér. Á hvað ber matsfólki að leggja áherslu? Hér verður leitast við að gera umræðunni einhver skil. Bickman (1997) varar við því að sérfræðingar, til dæmis í gæðastjórnun komi til með að taka yfir ýmis verkefni matsfólks ef það gætir ekki að sér. Mikilvægt sé að huga að framtíðarþróun matsfræðanna, vera þeir sem stýra vagninum, en ekki þeir sem hoppa upp í á elleftu stundu.

Samkvæmt þeim Torres og Preskill (2001) er þátttaka hagsmunaaðila í að skipuleggja og framkvæma mat ekki talin vera ein og sér nægjanleg til að tryggja að mat sé nýtt stofnun til hagsbóta. Þær benda á að námsstofnun<sup>4</sup> er stofnun sem er sífellt að læra og þróa starfsemina. Námsstofnanir nýta upplýsingar til breytinga. Mat er þar hluti af venjubundinni starfsemi (verður hluti af menningu og stjórnunarstíl stofnana) og það vekur fólk til umhugsunar um gildi og viðhorf. Til að mat nái þessum markmiðum

<sup>4</sup> Hér er átt við allar stofnanir/fyrirtæki sem tileinka sér ákveðin vinnubrögð – ekki fyrst og fremst skóla

verður að huga að ýmsum þáttum. Meðal þess er að: a) samþætta starf metanda daglegu starfi stofnana, að breikka markmið stofnana í þá veru meðal annars að tryggja samfélag náms, b) gefa tíma til íhugunar og samræðu meðal matsaðila, starfsfólks og stjórnenda, c) endurskilgreina hlutverk og þá færni sem matsaðilar þurfa að búa yfir. Hér mætti aftur benda á mikilvægi þess að taka upp umræðu um siðvit Aristótelesar og hvernig hægt er að byggja það markvisst inn í stofnanamenningu. Torres og Preskill benda á að það geti tekið tíma að ná þessum breytingum fram þar sem stofnanir hafi tilhneigingu til að þróa við breytingum. Telja þær að hagur stofnana af því að nýta mat til þróunar sé:

- að skerpa á lykilatriðum í starfsemi,
- umræða og íhugun um umbætur með efri- og millistjórnendum þar sem viðhorf, sýn og forsendur stofnana eru tekin til umfjöllunar,
- hugrekki til að takast á við það sem fram kemur í mati og raunhæfar hugmyndir um hvernig hægt er að tryggja þróun, byggða á reynslu, núverandi og líklegum aðstæðum.

Donaldson (2001) hefur þá sýn að matsfræði verði hjálparfag framtíðarinnar. Matsfræðingar verði gjarnan með tvöfalda menntun, það er að segja með matsfræði og svo sérfræði í einhverju öðru fagi. Þannig komi matsfræðin best að gagni sem leið til þróunar. Er þetta vel í samræmi við hugmyndir Kirkegaards (í Henriksen, 1998) um hjálparlistina. Til að geta aðstoðað aðra manneskju verðum við að vita það sem hún veit og þaðan að leggja af stað. Framtíðarmatsfólk verður því að hafa alhliða góða menntun á fleiri en einu sviði.

## Niðurlag

Innan matsfræðanna hefur fólk velt fyrir sér hverskonar menntun og bakgrunnur er æskilegur fyrir matsaðila (Modarresi ofl., 2001). Skoðanir á menntun matsaðila eru skiptar. Þó má telja nokkuð víst að það er

talið nauðsynlegt að viðkomandi búi yfir staðgóðri þekkingu á viðkomandi fagsviði og matsfræðum. Það er jafnframt alveg ljóst að ein meginstoð matsfræða er aðferðafræði, önnur er þekking á þeim siðferðilegu viðfangsefnum sem tekist er á við í mati. Eins og fram er komið getur reynst matsfólki erfitt að staðsetja sig annaðhvort innan meginindlegra eða eigindlegra rannsóknahefða. Matsverkefni og eðli þeirra verður að ráða hverju sinni hvaða aðferðum er beitt. Hér er tekið undir þá skoðun að sama hvaða stofnun eða stefnu matsaðli er að meta þá verði hann ávallt að afla sér grunnþekkingar á hugmyndafræði og vinnubrögðum sem viðkomandi stofnun hefur tileinkað sér. Með þekkingu á hugmyndafræði stofnunar og matsfræðum í farteskinu má telja matsaðila hæfan til að gera úttekt á næstum hvaða stofnun sem er. Hér er að finna tengsl við hugmyndir Donaldson (2001) um matsfræðina sem hjálparfag, að matsfólk búi yfir fjölbreyttri menntun og að í framtíðinni verði matsfólk með víðtæka menntun á fleiri en einu sviði. Matsfólk lendir sennilega oft í þeirri klemmu að vera á bandstrikinu, hjá því verður varla komist í litlu samfélagi eins og á Íslandi en þá er að gera sér grein fyrir hvenær og hvernig það getur brugðist við þannig að það haldi trúverðugleika sínum.

Hér að framan var minnst á áhyggjur House (1997) um að matsverkefni séu flest á vegum hins opinbera og þeim sé sinnt af örfáum aðilum. Í litlu samfélagi eins og á Íslandi er ástæða til að hafa áhyggjur House í huga. Hérlendis þekkjast flestir og því er ekki úr vegi að ætla að sú þekking geti leitt til þess að fólk sníði skýrslur og hugmyndir að því sem valdakjarninn eða sterkir hagsmunahópar telja æskilegt, eins og dæmi hafa sýnt. Hér í upphafi var minnst á mat á leikskólastarfi. Skýrslur menntamálaráðuneytisins um ytra má á leikskólum eru mjög ólíkar innbyrðis. Með vísan til þess að það sé í þágu kaupanda að hafa skýrslurnar mjög líkar má telja nokkuð víst að aðilar, sem taka út leikskóla, eru ekki að sníða skýrslurnar að þörfum ráðuneytisins. Síðan er það önnur spurning hvort þær eru

sniðnar að því sem viðkomandi matsaðili telur leikskólann þola. Soltis (1990) nefnir hættuna sem getur stafað af nálægð þess sem metur við þá sem eru metnir - að hún geti leitt til þess að það þjóni eigin hagsmunum að hafa skýrsluna jákvæða. Í litlu fagsamfélagi, eins og hið íslenska matsamfélag er, er þessi hættu fyrir hendi og ástæða til að ræða hana. Hingað til (Kristín Dýrfjörð, 2003) hefur enginn leikskóli fengið „skell“ í úttektum ráðuneytisins. Spyrja má hvort það sé eðlilegt borið saman við til dæmis önnur skólastig. Matsskýrslur menntamálaráðuneytisins eru opinberar. Í nýjustu skýrslum um grunnskóla hefur sú leið verið valin að greina ekki frá nöfnum skólastjórnenda (Guðrún Karlsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2003a og 2003b). Matsamfélaginu er hollt að velta fyrir sér hvort það sé sú leið sem verður fyrir valinu í framtíðinni? Eins fram hefur komið er ólíklegt að fólk taki mark á matsskýrslum ef það er í bullandi vörn. Leið til að nýta matið er að tryggja öllum eignarhald á þeirri þekkingu sem skapast. Að öðrum kosti má jafnvel ætla að þær fái að rykfalla í skúffum og skápum. Í ljósi þessa má velta því upp hvort líklegt sé að fólk eigi auðveldara með að taka niðurstöðum skýrslu ef yfirmenn eru ekki nafngreindir - sérstaklega ef niðurstaðan er ekki besta einkunn. Hins vegar má í þessu sambandi íhuga ábyrgð yfirmanna og stjórnenda stofnana, hvort réttmætt sé að þeir geti skýlt sér á bak við nafnleynd. Hvort það sé ekki hluti af starfi þeirra að standa og falla með eigin verkum. Ef sú leið verður almennt valin að nafngreina ekki yfirmenn má spyrja hvort næsta skrefið verði ekki að birta skýrslur án þess að tilgreina í hvaða stofnun þær eru gerðar. Víst er að í slíkri þróun felast ákveðnar hættur gagnvart aðgegni að upplýsingum í lýðræðisþjóðfélagi. Telja má eina bestu tryggingu þegnanna vera opið aðgengi að upplýsingum. Á þann hátt verður lýðræðið best treyst.

## Heimildir

- Amba, T.A. (2000). Stakeholder conflict: A case study. *Evaluation and Program Planning* 23, 199 -210.
- American Evaluation Association (2001) Guiding principles for evaluators. *American Journal of Evaluation*, 22(2).
- Bickman, L. (1997). Evaluating Evaluation: Where do we go from here? *Evaluation Practice*. 18,(1), 1-16.
- Bogdan, R. og Biklen, S. (1992). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. (2. útg.) Boston: Allyn and Bacon.
- Denzin, N. og Lincoln. Y. (1998). Entering the field of qualitative research. Í (ritstj.) Norman Denzin og Yvonne Lincoln. *The landscape of qualitative research: Theories and issues*. (bls. 1- 34). Thousand Oaks: Sage.
- Denzin, N. og Lincoln. Y. (2003.) Introduction: The discipline and practice of qualitative research. Í (ritstj.) N. Denzin og Y. Lincoln. *Collecting and interpreting qualitative materials*. (bls. 1-47). Thousand Oaks: Sage
- Donaldson, S. (2001). Overcoming our negative reputation: Evaluation becomes known as a helping profession. *American Journal of Evaluation*, 22, 355-361.
- Eisner, E. (2002). From episteme to phronesis to artistry in the study and improvement of teaching. *Teaching and teacher education*. 18,(4), 375 -385.
- Fetterman, D. (2001). The transformation of evaluation into a collaboration: A vision of evaluation in the 21st century. *American Journal of Evaluation*, 22, 381-385.

- Field, J. og Macintyre Latta, M. (2001). What constitutes becoming experienced in teaching and learning? *Teaching and teacher education*, 17 (8), 885 -895.
- Fitzpatrick, J. (2002). A Conversation with Leonard Bickman. *American Journal of Evaluation*, 23, 69–80.
- Flyvbjerg, B. (2001). *Making social science matter: Why social inquiry fails and how it can succeed again*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Green, J. (2003). Understanding social programs through evaluation. Í (riststj.) Norman Denzin og Yvonne Lincoln. *Collecting and interpreting qualitative materials* 2nd ed. (bls 590-618). Thousand Oaks: Sage.
- Guba, E. og Lincoln, Y. (1998). Competing paradigms in qualitative education. Í (ritstj.) Norman Denzin og Yvonne Lincoln. *The landscape of qualitative research: Theories and issues*. (bls 185-194). Thousand Oaks: Sage.
- Guðrún Karlsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, (2003a.) *Mat á Hallormsstaðaskóla. Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Guðrún Karlsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, (2003b.) *Mat á Seyðisfjarðarskóla. Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.
- Gunnestad, A. (1993). *Didaktikk for førskolelærere*. Otta: Tano
- Hall, B., og Hall, I. (2004). *Evaluation and social research: introducing a small scale practice*. New York: Palgrave Macmillan.
- Henriksen, H. (1998). *Demokratisk kultur: Kommunikation, organiastion og ledelse*. Haderslev: Holger Henriksen Forlag.
- Henry, G. (2001). How modern democracies are shaping evaluation and the emerging challenges for evaluation. *American Journal of Evaluation*, 22, 419–429.
- House, E. (1997). Evaluation in the government marketplace. *Evaluation Practice*, 18/1, 37-48.
- Kristiansen, S. og Krogstrup, H. (1999). *Deltagende observation: Introduktion til samfunnsvidenskapslig metode*. Köbenhavn: Hans Reitzels Forlag.
- Kristín Dýrfjörð. (2003). *Viðhorf hagsmunaaðila til ytra mats á íslenskum leikskólum*. Reykjavík: Óbirt meistaraþrófsritgerð við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- LeComte, M. og Preissle, J. (1993). *Ethnography and qualitative design in educational research*. (2.útgáfa). San Diego: Academic Press.
- Lévi-Strauss, C. (1978). *Myth and meaning* (endurprentað 2002). London: Routledge.
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000*
- Lög um leikskóla nr. 78/1994*
- Mark, M., Henry, G. og Julines, G. (2000). *Evaluation: An integrated framework for understanding, guiding and improving public and nonprofit policies and programs*. San Francisco: Jossey-Bass – Wiley.
- Modarresi, S., Newman, D. og Abolafia, M. (2001). Academic evaluators versus practitioners: Alternative experiences of professionalism. *Evaluation and Program Planning*, 24, 1, 1-11.

- Morgunblaðið, Niðurstöður frumskýrslu flugslysanevndar: Líklegir orsakættir eru stjórnumerktir. (2001.)* laugardagur 7. apríl, miðopna.
- Patton, M. (1997). *Utilization-focused evaluation: The new century*. Thousand Oaks: Sage.
- Rogers, Carl. (1961). *On becoming a person: A therapist's view of psychotherapy*. (endurprentuð 1996). Boston: Houghton-Mifflin Company.
- Scriven, M. (1994). The final synthesis. *Evaluation Practice*, 15, 367-382.
- Senge, P. (2000). Give me a lever long enough ... and single-handed I can move the world. Í (án ritstj.). *The Jossey-Bass reader on educational leadership*. San Francisco: Jossey-Bass - Wiley company.
- Sigrún Jóhannesdóttir (1999). *Iðnskólinn í Reykjavík: Úttekt á stjórnunar- og samskiptaferlum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt af neti 1. maí 2003: <http://www.brunnur.is>
- Skýrsla nr. M-05100/AIG-24 frá Rannsóknarnefndar flugslysa um flugslys á Reykjarvíkurflugvelli 7. ágúst 2000. Merkt: GL.Í.O. ehf./Air Charter Iceland, TF-GTI. Tegund: Cessna T210L, Centurion II Í Skerjafirði, (64°07,482'N 021°57,585'V), 7. ágúst 2000. Tekið af vef Rannsóknarnefnd flugslysa 8. október 2004 <http://rnf.is/skyrslur/rannsoknarskyrslur/2000/>
- Soltis, J. (1990). The ethics of qualitative research. Í (ritstj.) Elliot Eisner og Alan Peshkin. *Qualitative inquiry in education: Continuing debate*. (bls. 247- 257). New York: Teacher College Press
- St.Pierre R., Bernstein, L. og Swartz, J. (2001). Balancing federal and local evaluations of federally-funded programs. *Early Childhood Research Quarterly*, 16, 151-161.
- Thayer, C. E. og Fine, A. (2001). Evaluation and outcome measurement in the non-profit sector: Stakeholder participation. *Evaluation and Program Planning*, 24, 103-108.
- The joint committee on standards for educational evaluation. (1994). *The program evaluation standards. 2nd Edition: How to assess evaluations of educational programs*. (formaður nefndarinnar James R. Sanders). Thousand Oaks: Sage.
- Torres, R. og Preskill, H. (2001). Evaluation and organizational learning: past, present, and future. *American Journal of Evaluation*, 22, 3, 387-395.
- Weiss, C. (1998a). Have we learned anything new about the use of evaluation? *American Journal of Evaluation*, 19, (1), 21-33.
- Weiss, C. (1998b). *Evaluation: Methods for studying program and policies*. 2 útg. Upper Saddle River: Prentice Hall
- Wolcott, H. (1990). On seeking – and rejecting – validity in qualitative research. Í (ritstj.) Elliot Eisner og Alan Peshkin. *Qualitative inquiry in education: Continuing debate* (bls. 121 –152). New York: Teacher College Press
- Worthen, B. og Sanders, J. (1987). *Educational evaluation: Alternative approaches and practical guidelines*. White Plains: Longman.